

Aðalfundur

Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði

Haldinn á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 06. mars 2015

Mættir 48

1.	Setning aðalfundar. Kjör fundarstjóra og fundarritara. (Kl. 9:15) Jens Pétur Jóhannsson formaður SART setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, hann bar upp tillögu um Helga Rafnsson sem fundarstjóra og var það samþykkt með lófaklappi, síðan stakk upp á Sigurjóni H. Magnússyni sem fundarritara og var það samþykkt með lófaklappi. Helgi tók við fundarstjórn, hann kannaði lögmæti fundarboðs og voru engar athugasemdir gerðar við það, fundurinn telst því löglegur.
	Skýrsla stjórnar SART 2014-2015 Fundarstjóri, ágætu fundarmenn. Ég vil byrja þessa skýrslu mína á því að minnst tveggja félaga sem látist hafa frá síðasta aðalfundi. Kristinn Einarsson andaðist þann 30. maí 2014. Hann fæddist 13. janúar 1926 í Bollagörðum á Seltjarnarnesi. Hann nam rafvirkjun við Iðnskólann í Reykjavík og lauk sveinsprófi árið 1952 og hlaut meistarabréf 1956. Hann starfaði hjá Segli hf. til ársins 1960 en eftir það við eigin rafverktakarekstur. Tryggvi Þórhallsson andaðist hinn 1. janúar síðast liðin. Hann var fæddur 8. janúar 1936 að Hofi í Hjaltadal. Hann nam rafvirkjun við Iðnskóla Sauðárkróks og lauk sveinsprófi árið 1958. Hann hlaut meistarabréf árið 1967 og löggildingu árið 1972. Hann starfaði m.a. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og var rafveiturstjóri Rafmagnsveitu Reyðar-fjarðar frá 1960-1966. Þá starfaði hann einnig hjá Landsvirkjun og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Hann hóf eigin rafverktakarekstur ári 1975 og rak fyrirtækið sitt Orkuvirki ehf. allt þar til yfir lauk. Vil ég biðja fundarmenn að minnst þeirra með því að rísa úr sætum. Fundir Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir þrjú stjórnarfundir og sex framkvæmdastjórnarfundir. Þá hafa verið haldnir nokkrir morgun-verðarfundir í samstarfi við FLR. Stjórn FRT og FLR halda reglulega stjórnarfundir í Borgartúninu og njóta þar aðstoðar Ásbjörns þegar þess er óskað. Þá hafa sex af átta aðildarfélögum SART þegar haldið aðalfundi sína.

SART – Samtök rafverktaka.

Frá því að SART gerðist aðili að Samtökum iðnaðarins í ársbyrjun 2012 hafa tuttugu og fimm fyrirtæki í rafiðnaði gengið til liðs við SART, þar af átta fyrirtæki frá áramótum. Ýmislegt bendir til að um að enn frekari fjölgun verði að ræða á nýju ári. Stjórn SART metur það svo, að fjölgun félaga gefi vísbendingar um að ákvörðun um aðild SART að SI hafi verið rétt og að fyrirtækin sjái hag sínum í auknum mæli betur borgið innan samtakanna en utan. Verkefnastaða fyrirtækja í rafiðnaði hefur lagast hægt og þétt frá hruni og er nú svo komið að það vantar sárlega mannskap, rafvirkjar eru ekki á lausu og því stefnir fljótlega í vandræði.

Stefnumótun til ársins 2018 – verkefni.

Meðal verkefna stjórnar SART er að hrinda í framkvæmd þeim áhersluverkefnum sem til urðu við mótum framtíðarsýnar samtakanna til ársins 2018 og skal nokkra þeirra getið hér:

Öryggi í forgang burt með vinnuslysin.

Markvisst er unnið að því að útrýma vinnuslysum og gera starfsmenn og stjórnendur meðvitaða um mikilvægi öryggismála. Í Rafiðnaðarskólanum hefur verið sett á dagskrá rafmagnsöryggis námskeið sem er bæði haldið í skólanum og út á landi eftir þörfum. Unnið hefur verið að gerð öryggis-handbókar sem verður aðgengileg öllum á netinu, á Rafbók.is. Þar geta rafverktakar nálgast efnið í heild sinni eða hluta þess, vilji þeir útbúa sína öryggishandbók með fókus á sitt fyrirtæki. Öryggishandbókin verður kynnt nánar síðar á þessum fundi.

Betri stjórnun aukin arðsemi

Rafverktakar eru sammála um að aukin framleiðni sé lykillinn að betri afkomu fyrirtækjanna. Spurningin er hvort tólin og tækin séu fyrir hendi til þess að leysa verkefnið. Til þess að ná árangri þurfa rafverktakar fyrst og fremst að leggja áherslu á betri stjórnun, ekki síst á stjórnun fram-kvæmda. Eitt af þeim tækjum sem félagsmönnum stendur til boða eru þrepavottanir Samtaka iðnaðarins.

Á dögumum var gerð könnun meðal rafverktaka þar sem skoðað var hvernig staða þeirra væri gagnvart fyrsta þrepinu, sem er D-vottun. Niðurstaðan kom skemmtilega á óvart, rafverktakar eru nefnilega komnir lengra en þá grunar hvað varðar skipulag og marga þeirra vantar lítið uppá til að uppfylla kröfur D-vottunar. Í kjölfarið hafa nokkrir kallað eftir úttekt og í dag eru sex fyrirtæki í rafiðnaði komin með D-vottun og tvö með C-vottun.

Greiðslutryggingar – tilboðsgerð, nýtt verklag og reglur.

SI stóð fyrir stofnun Mannvirkjaráðs á síðasta ári. Í Mannvirkjaráði eru hönnuðir, verkfræðingar, arkitektar, fulltrúar stærri og minni verktaka og iðnmeistarar, en SART á einn fulltrúa í þessum hópi. Markmið Mannvirkja-ráðs er að bæta siðferði og samskipti á útbodsmarkaði, bæta gerð útbodsgagna ásamt mörgum fleiri málum sem koma félagsmönnum okkar til góða. Verkefni Mannvirkjaráðs tengjast því beint áherslum í stefnu-mótun SART og þeim markmiðum sem stefnt er að fyrir lok árs 2018.

Betri skólar – fjölgun rafiðnaðarmanna

Menntamál hafa verið og eru ofarlega á verkefnalista SART. Saman eiga og reka RSÍ og SART Rafiðnaðarskólann og hefur samstarf samtakanna alltaf verið mjög gott þegar kemur að menntamálum. Menntaráðstefna rafiðnaðarins var haldin seint á síðsta ári og var hún hluti af framtíðarsýn SART og þeim áhersluatriðum sem tengjast verkefninu.

Á ráðstefnunni kom m.a eftirfarandi fram: Innan rafiðnaðargeirans hafa ákveðin fög átt undir högg að sækja þar sem aðsókn í þau hefur ekki reynst næg. Af þessum sökum hafa yfirvöld menntamála komið með þær hugmyndir að leggja tiltekna löggiltar iðngreinar niður. Koma þessar hugmyndir fram samtímis hugmyndum um styttingu náms í framhalds-skólum.

Innan Samtaka í rafiðnaði hefur verið rætt um hvort rétt væri að fara í breytingar á rafiðnaðarnáminu og einfalda það og samhæfa, „án þess að draga úr kröfum,“ þannig að nemendur útskrifist t.d. sem rafvirkjar og geti síðar bætt við sig auka iðngrein eins og rafveituvirkjun, rafvéla-virkjun, símsmíði eða hvað annað sem hugurinn stefnir til. Viðbótar-greinum myndi ætíð ljúka með sveinsprófi eins og gert er í dag. Þetta er í takt við það sem Danir eru að þróa og áætlað er að byrji hjá þeim haustið 2015.

Þar sem starfsemi fyrirtækja í rafiðnaði eru í sífelldri þróun er hægt að sjá fyrir sér að viðbótarmentun viðkomandi rafiðnaðarmanns yrði í tengslum við þarfir viðkomandi fyrirtækis. Markaðurinn myndi sjá til þess að nauðsynleg endurnýjun færi fram enda er það lykilatriði fyrir okkar samtök og þjóðfélagið allt, að hér á landi séu fagmenn á öllum sviðum rafiðnaðarins.

Með þetta að leiðarljósi hefur verið rætt um það á vettvangi Rafiðnaðar-skólans, hvort bjóða ætti upp á nám eins og fjallað er um hér að framan í Rafiðnaðarskólanum, þar sem líta mætti framhjá kröfu verkmenntskólanna um ákveðin lágmarksfjölda nema í námið hverju sinni.

Ár ljóssins - Íslensku lýsingarverðlaunin

Meðal annara verkefna á síðasta ári má nefna að Ljóstæknifélag Íslands afhenti Íslensku lýsingarverðlaunin á Vetrarhátíð Reykjavíkur í Perlunni þann 7. febrúar s.l. Þar sem að nú er ár ljóssins, fór vel á því að SART kæmi að og styrkti það metnaðarfulla verkefni.

ÍST 151:2015

Fyrir liggur til umsagnar nýr staðall, ÍST 151:2015 um *fjarsskiptalagnir í íbúðarhúsnæði*. Staðallinn er byggður á tæknireglum um sama efni sem gefnar voru út árið 2009. SART átti frumvæði að því verkefni á sínum tíma og hefur fulltrúi SART, Örlygur Jónatansson leitt verkefnið allan tíman. Staðlaráð annast útgáfu staðalsins. Þessi nýji staðall verður kynntur sérstaklega hér í þessum sal eftir hádegið.

Útboðsþing

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins var haldið á Hilton Reykjavík Nordica í lok febrúar þar sem kynntar voru verklegar framkvæmdir opinberra aðila. Hæst bar kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum í Kópavogi. Kynnt voru áform um gatnagerð í nýjum hverfum en gatnagerð hefur að mestu legið niðri frá árinu 2008. Heilt yfir má ráða af kynningum á þinginu að framkvæmdastig sé að aukast jafnt og þétt sem eykur mönnum í mannvirkjagerð bjartsýni.

Gæðastjórnun iðnmeistara

Í lögum um mannvirki er nú gerð krafa um að iðmeistararar, byggingastjórar, hönnuðir og hönnunarstjórar sem skrifa undir ábyrgðaryfirlýsingu á leyfisskyldum verkum eigi að nota gæðastjórnunar-kerfi. Krafa laganna er m.a. að þessir aðilar hafi góða umhirðu á gögnum sem varða tiltekið leyfisskylt verk og tryggi þannig skilyrtan áreiðanleika upplýsinga og rekjanleika.

Mannvirkjastofnun gaf á síðast ári út yfirlýsingu þess efnis að löggiltir rafverktakakar sem hlotið hafi B- löggildingu og innleitt hjá sér Öryggisstjórnunarkerfi, ásamt því að vera á landskrá rafverktaka teljist vera með viðurkennt gæðakerfi. Ekki hefur þessi yfirlýsing virkað alveg hnökralaust, því að byggingarfulltrúar hafa í einhverjum tilfellum neitað okkar mönnum um heimild til að skrifa uppá verk.

Ásbjörn hefur því ítrekað þurft að hafa samband við Mannvirkjastofnun vegna þessa og svo fór að lokum að við óskuðum eftir því að forstjóri mannvirkjastofnunar gæfi út undirritaða yfirlýsingu þess efnis að löggiltir rafverktakar væru með viðurkennt kerfi og að yfirlýsingin verði send á alla rafverktaka sem gætu þá framvísað yfirlýsingunni áfram til viðkomandi byggingarfulltrúa. Málið virðist því núna verið komið í réttan farveg.

Sumarhús SART

Útleiga á sumarhúsinu gekk vel í sumar og haustið og veturinn komu þokkalega út. Í framhaldi af umfjöllun um húsið á síðasta aðalfundi SART var farið í nokkrar framkvæmdir m.a. sett nýtt járn á þakið og keyptur nýr sófi í stofuna. Niðurstaða rekstrarins kemur fram í reikningum sem kynntir verða hér á eftir.

Meistaradeild samtaka iðnaðarins.

Við inngöngu okkar í SI þá gerðumst við aðilar að Meistaradeild Samtaka iðnaðarins. Formenn meistarafélaganna skipa stjórn meistaradeildarinnar og hef ég því haft það hlutverka að sitja þá fundi fyrir hönd SART.

Meistaradeildin fjallar um fjölmörg málefni sem tengjast byggingar-iðnaðinum. Má þar m.a. nefna breytingar á byggingarreglugerð og mannvirkjalögnum.

Varðandi breytingar á reglugerðinni þá snerust þær að mestu um algilda hönnun þar sem horfið var frá ströngustu ákvæðunum. MSI boðaði til morgunverðarfundar þar sem breytingarnar voru kynntar og einnig var samantekt breytinganna send öllum félagsmönnum.

Mannvirkjalög

MSI stóð fyrir því síðasta vetur að rýna Mannvirkjalögin með lausnir í huga. Hugmyndin var að í kjölfarið yrði sest niður með ráðamönnum og undirbúin skrif á nýjum lögum. Málið hefur þó lítið þokast áfram og er megin ástæðan sú að Mannvirkjastofnun tók ekki vel í þær hugmyndir sem fram komu.

Menntamál í byggingariðnaði

MSI er ávallt með augun á menntamálum og mikilli orku eytt í þau málefni á síðasta starfsári, en ástæðan var svokölluð „hvítbók“ menntamálaráð-herra. Katrín Dóra Þorsteinsdóttir kom á stjórnarfundum MSI í september þar var meðal annars þetta rætt. Miklar og góðar umræður urðu í kjölfar kynningar Katrínar og ljóst að m.v. áætlaðan vöxt í greininni, um 5-6000 manns á tveimur árum, verður viðbótarfjöldi menntaðra í greininni aldrei nema örlítið brot af þörfinni.

Megin niðurstaða þessa umræðna voru að MSI er opið fyrir hagræðingu og breytingum á fyrirkomulagi vinnustaða-náms ef það leiðir til aukins áhuga og fjölgunar nema og gerir þeim auðveldara að ljúka námi.

Allir vinna

MSI hvöttu stjórnvöld til að framlengja 100% endurgreiðslu vsk. á vinnu sem unnin er á verkstað. Það tókst því miður ekki. Breytingin hefur þegar leitt til þess að byggingarvísitala hefur hækkað um 2,1 stig auk þess sem hætt er við að svört atvinnustarfsemi aukist.

Bætt samskipti við sveitarfélög

Fulltrúar MSI hafa fundað með sveitarfélögum vegna kvartana yfir túlkunum byggingarfulltrúa og starfsmanna hans. Félagsmenn eru hvattir til að koma með skriflegar ábendingar ef þeim finnst brotið á sér.

Stefnumót Íslensks byggingariðnaðar

Í byrjun síðasta árs var ákveðið að halda Stefnumót íslensks byggingariðnaðar. Verkefnið kallaði á mikinn undirbúning og skipulagningu sem skilaði sér í frábærri samkomu sem haldin var 4. nóvember. Félagsvísindasvið Háskóla Íslands var fengið til að vinna niðurstöðu Stefnumótsins til að gæta þess að hlutlaus aðili dragi saman helstu niðurstöður sem hægt væri að kalla „stefnumál íslensks byggingariðnaðar“. Mannvirkjastofnun stóð að fundinum ásamt Samtökum iðnaðarins.

Niðurstöður stefnumótsins verða kynntar hér í þessum sal eftir hádegisdag.

Talning íbúða

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir talningu íbúða í byggingu á höfuðborgarsvæðinu í mars og nóvember. Samkvæmt talningu fjölgaði nýjum íbúðum í byggingu um ríflega 400 á tímabilinu. Að mati samtakanna er fjöldi nýrra bygginga undir lýðfræðilegri eftirspurn fyrir nýjar íbúðir. SI hafa lengi bent á mikilvægi þess að byggja fjölbreytt íbúðahúsnæði. Uppsöfnuð þörf er á markaði vegna þess að lítið hefur verið byggt undanfarin ár. Síðustu ár hefur megináherslan verið lögð á stærri eignir og hefur það skapað þörf fyrir smærri eignir, sérstaklega íbúðir fyrir

	<p>fyrstu kaupendur.</p> <p>Af vettvangi SA. Í stjórn SA hefur verið lítið annað rætt en um kjarasamningana sem eru framundan, aðeins einn fundur hefur verið haldinn eftir áramót og fór hann eingöngu í að ræða kjaramálin.</p> <p>Eins og þið hafið eflaust heyrt þá er alltaf hægt að hækka laun við þá sem eru með hæstu launin, en það má helst ekkert hækka þá sem eru með miðlungs eða lægstu laun, þá er eins og allt fari á annan endann, verð-bólga ríkur af stað með öllu tilheyrandi sem tengist því.</p> <p>SA virðist vera alveg fast í því að ekki megi hækka þessi laun um nema 3-4 prósent, en eins og þið vitið þá eru kröfur verkalýðsfélaga mun hærri en það. Ekki veit ég hvernig það endar en það er allavega klárt mál að iðnaðarmenn hafa dregist töluvert afturúr í launum og hefur það verið viðurkennt af SA.</p> <p>Við höfum rætt þetta í framkvæmdarstjórn og erum sammála um að það þarf að gera töluvert betur fyrir okkar menn, en það verður að koma í ljós hvernig það endar. Ríkisstjórnin hefur lítið viljað ræða við SA um þessi mál enda er þessi ríkisstjórn ekki vinsæl í huga SA, frekar en sú síðasta. Vonandi skýrist þetta betur á næstu vikum, ég held að þjóðfélagið í heild hafi ekkert efni á að fara í verkfall.</p> <p>Jens Pétur Jóhannsson, formaður SART</p>
<p>3.</p>	<p>Reikningar SART fyrir árið 2014. Ásbjörn R. Jóhannesson las upp reikninga SART og Orlofsheimilaskjódís og útskýrði þá.</p>
<p>4</p>	<p>Umræður um liði 2 og 3. Engar umræður. Fundarstjóri bar upp ársreikningana og voru þeir samþykktir samhljóða, enginn á móti.</p>
<p>5</p>	<p>Lagabreytingar. Jens Pétur kynnti eftirfarandi tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum SART</p> <p>Í 21. grein samþykta SART segir m.a.: Á aðalfundi SART er formaður samtakanna kjörinn til tveggja ára í senn, fundarstjóri lýsir eftir uppástungum um formann. Kosning skal vera leynileg. Einfaldur meirihluti nægir formanni til að ná kjöri. Formaður SART getur ekki verið formaður í aðildarfélagi samtímis.</p> <p>Lagt er til að þessi setning bætist við: Hafi formaður setið samfleytt í átta ár má ekki endurkjósa hann fyrr en minnst tvö ár eru liðin frá því hann lét af formennsku.</p> <p>Í 16. grein samþykta SART segir m.a.: Framkvæmdastjórn SART skipa þrjú menn og einn til vara. Formaður SART er</p>

	<p>jafnframt formaður framkvæmdastjórnar og stýrir fundum hennar. Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund SART skal stjórnin kjósa tvo fulltrúa úr sínum röðum í framkvæmdastjórn. Jafnframt skal kjósa einn mann til vara úr stjórn og er hann um leið varaformaður SART. Skal hann ásamt framkvæmdastjóra sitja alla fundi framkvæmdastjórnar.</p> <p>Lagt er til að þessi setning bætist við: Hafi fulltrúi í framkvæmdastjórn eða varaformaður setið samfleytt í átta ár má ekki endurkjósa hann fyrr en minnst tvö ár eru liðin frá því hann lét af setu sinni.</p> <p>Umræður um tillögurnar: Guðjón Guðmundsson spurði um tímalengd tillagnanna, af hverju átta ár en ekki sex ár ? Hjörleifur Stefánsson svaraði því til að með þessu fyrirkomulagi nái framkvæmdastjórnin að endurnýja sig á næstu tveim fundum. Engar fleiri spurningar eða umræður um tillögurnar. Fundarstjóri bar þær því upp og voru þær samþykktar samhljóða.</p>
6.	<p>Kosning formanns. Jens Pétur Jóhannsson gefur kost á sér áfram til næstu tveggja ára. Engar aðrar tillögur komu fram og var hann samþykktur með lófaklappi, enginn á móti. Jens Pétur tók til máls og þakkaði traustið sem honum var sýnt.</p>
7.	<p>Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og varamanna þeirra. Tillaga er um sömu menn áfram þá Ingólf Arnason FLR og Markús Þór Atlason FLR sem aðalmenn og Gunnar H. Sigurðsson og Stefán Albertsson til vara. Ekki voru tillögur um fleiri og voru þeir samþykktir með lófaklappi.</p>
8.	<p>Kaffihlé 10:25 – 10:40</p>
9.	<p>Framtíðarsýn SART – Staða verkefna/Öryggishandbók. Ásbjörn fór yfir verkefni sem urðu til við mótun framtíðarsýnar SART til ársins 2018 og kynnti nýja Öryggishandbók sem komin er á Rafbók. Bókin er opin öllum sem aðgang hafa að Rafbókinni.</p>
10.	<p>Önnur mál. Fundarstjóri gaf orðið laust. Lárus A. Jónsson byrjaði á léttum brandara til að koma mönnum af stað.</p> <p>Ísleifur Jakobsson kynnti verkefni Fæðsluskrifstofu rafiðnaðarins m.a. rafbók, sveinspróf, raunfærnimat, nemaleyfisnefnd og styrki til að taka nema í starfsþjálfun. Minnti menn á að sækja um styrkina á auglýstum tíma.</p> <p>Sigurðu (Fagraf) spyr um styrki vegna nema, finnst smávegis skrýtið að aðeins skuli vera hægt að sækja um tvisvar sinnum á ári í mánuð í senn. Einnig ræddi hann of lítinn mun á launum nema og nýsveina.</p> <p>Ísleifur svaraði og sagði vera til í að sækja um styrkina fyrir nemann samhlið því að gera starfsþjálfunarsamningana.</p>

	<p>Ólafur Sigurðsson kynnti ákvæðisvinnuna og sagði lítillega frá starfi Ákvæðisvinnustofunnar.</p> <p>Hjörleifur Stefánsson spurði hvort SA sé í raun rétti aðilinn til að semja um launin við RSÍ.</p> <p>Lárus A. Jónsson ræddi um laun nema og þann litla mun sem er á launum þeirra og sveina. Sagði há laun nema draga úr áhuga manna á að taka nema í starfsþjálfun.</p> <p>Guðjón Guðmundsson ræddi um laun og vinnu í Ákvæðisvinnu fyrr og nú. Sagði taxtann hafa dregist aftur úr.</p> <p>Gunnar Gunnarsson ræddi málefni veikstraumsins, sjónvarpsmál, loftnet, ljósleiðara og lagnir í húsum. Ræddi samstarf veik- og sterkstraumsins.</p> <p>Stefán Sveinsson ræddi málefni Rafiðnaðarskólans, sagði lítillega frá starfi hans og námskeiðum, meðal annars meistaraskólanum og fl.</p>
9.	Fundarslit. Fundarstjóri minnti menn á fyrirlesturinn eftir hádegi, þakkaði fundarmönnum fyrir góðan mætingu og sleit fundi kl. 11:45

Sigurjón H. Magnússon, fundarritari.